

Alþingi  
Umhverfisnefnd  
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

SA/

Rvk. 17. maí 2010

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 106/2000, með síðari breytingum, 514. mál**

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Samorka – samtök orku- og veitufyrirtækja skila sameiginlegri umsögn um frumvarp þetta.

Um langa hríð hefur legið fyrir að ferli sem byggt hefur verið upp í kringum lögin um mat á umhverfisáhrifum er allt of langt og viðamikíð. Engin svör er unnt að gefa í upphafi um hve langan tíma það muni taka, dæmi eru um að umsagnaraðilar fái sama verkefni til umsagnar oft en tuttugu sinnum, umsagnaraðilar virða ekki tímafresti og fara jafnvel út fyrir það svið sem þeim er afmarkað með lögum. Séríslensk lagaákvæði um að unnt sé krefjast þess að meta eigi saman áhrif framkvæmda sem í raun eru alls ótengdar bæta ekki úr skák. Við þetta bætist að oft koma einnig til breytingar á aðal- eða deiluskipulagi sveitarfélaga sem sömuleiðis þurfa til umsagnar og kynningar. Að lokum koma til ótal kæruleiðir þeirra sem af einhverjum ástæðum kunna að vera andvígir framkvæmdum sem fjallað er um.

Það er því afar mikilvægt að allt þetta ferli verði tekið til endurskoðunar með það fyrir augum að einfalda það og gera gagnsærra þannig að skemmri tíma taki að fá úrskurði um hvort heimilað verði að ráðast í tilteknar framkvæmdir. Það er allra hagur að matsferlið sé traust og áreiðanlegt. Ofangreind samtök lýsa sig reiðubúin að koma að slíkri vinnu.

Í frumvarpi því sem hér um ræðir er gengið í þveröfuga átt. Lagt er til að frestur umhverfisráðherra til að kveða upp úrskurð í kærumálum verði lengdur úr tveimur mánuðum í þrjá og ef ráðherra svo kýs má lengja frestinn í allt að sex mánuði.

Fjöldmörg dæmi eru um að umhverfisráðuneytið og stofnanir þess hafi ekki virt lögbundna fresti í þessum efnum og ekkert sem segir að það muni breytast þótt frestir verði lengdir. Í því ljósi er eindregið lagt til að þetta frumvarp hljóti ekki brautargengi á Alþingi heldur verði lagt fyrir ráðherra að endurskoða allt ferlið frá upphafi til enda með hliðsjón af þeim ábendingum sem hér eru settar fram. Til vara gera ofangreind samtök þá kröfu að frumvarpinu verði breytt í þá veru að þögn verði metin sem samþykki að lögbundnum fresti liðnum.


Virðingarfyllst,



Fh. Samtaka atvinnulífsins  
Pétur Reimarsson



Fh. Samtaka iðnaðarins  
Bryndís Skúladóttir



Fh. Samorku  
Gústaf A. Skúlason